

Til borgarráðs

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurlflugvelli; 156. mál

Með tölvubréfi nefndasviðs Alþingis frá 10. apríl sl. sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar tillögu til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurlflugvelli, 156. mál. Frestur til að skila umsögn um tillöguna er til 28. apríl n.k.

Tillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að beita sér fyrir því að NA/SV-flugbrautin á Reykjavíkurlflugvelli verði opnuð á ný svo fljótt sem verða má. Ráðherra láti útbúa aðgerðaáætlun í þessa veru og upplýsi Alþingi um innihald hennar eigi síðar en í maí 2017.

Umsögn:

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 268/2016, sem kveðinn var upp 9. júní 2016, var íslenska ríkinu gert skylt að loka NA/SV flugbraut Reykjavíkurlflugvallar svo sem samkomulag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 25. október 2013 kvað á um. Með dóminum var íslenska ríkið knúið til efnda á samningsskyldum sem eru allsherjarréttarlegs eðlis og sem innanríkisráðherra var bær til að takast á hendur með hliðsjón af ákvæðum 13., 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar um stöðu ráðherra og ábyrgð á stjórnarframkvæmdum, sbr. 1. og 4. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og að virtum ákvæðum forsetaúrskurðar nr. 71/2013 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Hæstiréttur tók fram að við mat á því hvort íslenska ríkið yrði knúið til efnda á samningsskyldum, sem væru allsherjarréttarlegs eðlis, skipti máli að Reykjavíkurborg er sveitarfélag, sem samkvæmt 78. gr. stjórnarskrárinnar skal sjálft ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða og að Reykjavíkurborg hafi forræði á þeim málefnum, sem samkomulag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 25. október 2013 varðaði, af sinni hálfu. Með þessu vísar Hæstiréttur til þess að Reykjavíkurborg fari með skipulagsvaldið innan síns lögsagnarumdæmis, þ.m.t. á Reykjavíkurlflugvelli.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að lagt sé til að ráðherra beiti sér í málinu, hvort heldur með sérstakri lagasetningu um Reykjavíkurlflugvöll eða á annan hátt, og greini Alþingi frá aðgerðaáætlun um opnun brautarinnar eigi síðar en í maí 2017.

Reykjavíkurborg verður hvorki knúin til samninga um að NA/SV flugbrautin verði opnuð að nýju né er Reykjavíkurborg til þess bær að gangast undir slíka samningsskuldbindingu. Svo sem fram kom í dómi Hæstaréttar er sjálfstjórnaréttur sveitarfélaga staðfestur í 78. gr.

stjórnarskrárinnar. Reykjavíkurborg fer með skipulagsvaldið á Reykjavíkurflugvelli og hefur þegar breytt deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurflugvöll með þeim hætti að þar er nú aðeins gert ráð fyrir flugvelli með tveimur flugbrautum. Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi Hlíðarendasvæðis, sem liggur að Reykjavíkurflugvelli, getur ekki átt sér stað ef NA/SV flugbrautin yrði opnuð að nýju. Reykjavíkurborg hefur þegar úthlutað lóðum á svæðinu og er uppbygging hafin á hluta þeirra. Engar heimildir eru til staðar til þess að Reykjavíkurborg afturkalli þær lóðarúthlutanir og enn síður hefur Reykjavíkurborg heimild til að ráðstafa réttindum þessara lóðarhafa með samningum við íslenska ríkið. Er því fyrirsjáanlegt að NA/SV flugbrautin verður ekki opnuð að nýju með samningum milli aðila.

Varðandi möguleika á sérstakri lagasetningu um Reykjavíkurflugvöll, þar sem kveðið yrði á um opnun NA/SV flugbrautarinnar þá verður að telja að hún myndi brjóta gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvaldsins, sérstaklega þegar haft er í huga að þar með væri löggjafarvaldið að bregðast við niðurstöðu Hæstaréttar og í raun ómerkja niðurstöðu réttarins. Slík aðgerð myndi jafnframt veða með fordæmalausum hætti að sjálfstjórnarrétti sveitarfélags sem varinn er af 78. gr. stjórnarskrárinnar. Slík löggjöf myndi jafnframt jafngilda eignarnámi á réttindum lóðarhafa á svæðinu og yrði ekki gert án greiðslu bóta, sbr. m.a. áskilnað eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður að draga í efa að til staðar séu þeir almannahagsmunir að réttlætt geti slíka aðgerð enda alls óupplýst í málinu að til staðar sé sú almenningsþörf sem gerð er krafa um skv. eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki hefur farið fram neitt mat á nauðsyn brautarinnar vegna sjúkraflutninga eða annarra almannahagsmuna en fyrir liggur að unnt er að opna flugbraut í Keflavík með samskonar legu. Fram hefur komið að áætlaður kostnaður við opnun þeirrar brautar er um 240 mkr. Er fyrirsjáanlegt að bætur til handa lóðarhöfum, sem ekki gætu nýtt sér lóðaréttindi sín við Hlíðarenda, næmu mun hærri fjárhæðum en þar hlaupa hagsmunir lóðarhafa og viðsemjenda þeirra á milljörðum króna.

Kristbjörg Stephensen